



Valdsvið barnaverndarnefndar Þingeyinga og flutningur mála

**5. Valdsvið barnaverndarnefnda
3. og 15. gr. bvl. nr. 80/2002
7. gr. reglug. nr. 56/2004 um málsmeðferð fyrir bvn.**

Íslensku barnaverndarlögin taka til allra barna, þ.e. einstaklinga yngri en 18 ára sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins. Barnaverndaryfirvöld bera fyrst og fremst ábyrgð á málum barna sem eru búsett hér á landi en geta þurft að gegna ákveðnum skyldum gagnvart börnum sem eru stödd hér. Barnaverndaryfirvöld bera ekki ábyrgð á málefnum íslenskra barna ef þau eru búsett erlendis.

Samkvæmt 3. gr. bvl. geta barnaverndaryfirvöld ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs.

Barnaverndarnefnd þar sem barn á fasta búsetu á fyrst og fremst úrlausn um málefni þess. Stundum getur þurft að meta hvar barn teljist eiga fasta búsetu og við það mat er fyrst horft til þess hvar barnið eigi lögheimili, enda löglíkur fyrir því að þetta fari saman. Í 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990 segir að lögheimili manns sé þar sem hann hefur fasta búsetu. Einnig segir að föst búseta sé lögð að jöfnu við þann stað þar sem maður hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsfundum sínum og er svefnstaður þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Þá er tekið fram að dvöl á gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistar skóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnaði sem jafna má til þessa sé ekki ígildi fastrar búsetu. Í barnaverndarstarfinu þýðir það að nefnd þar sem foreldri barns býr fer með málefni þess þó svo að foreldri dvelji á sjúkrahúsi, í athvarfi eða öðru svipuðu húsnaði í öðru sveitarfélagi.

Í lögum um lögheimili er sérstaklega tekið fram að barn 17 ára eða yngra skuli eiga sama lögheimili og foreldrar þess. Enn fremur að hafi barnið fasta búsetu hjá því foreldri sem ekki hefur forsjá þess skuli það eiga lögheimili þar, enda sé forsjáforeldri samþykkt búsetunni. Hafi forsjá barns ekki verið falin öðru hvoru foreldranna á barnið sama lögheimili og það foreldri sem það býr hjá. Búi barnið hjá hvorugu foreldra sinna á það lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu. Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að athuga vel hvar barn er búsett áður en barnaverndarafskipti hefjast, sérstaklega ef barn býr ekki hjá báðum foreldrum sínum.

Lögheimili barns eða dvalarstaður ræður ekki alltaf úrslitum, t.d. ef barnið er hjá öðrum en forsjáraðilum sínum. Hér verður sérstaklega að benda á að skv. 90. gr. bvl. getur foreldri falið öðrum daglega umönnun og uppeldi barns síns með vissum

skilyrðum. Ef slíkur samningur er örugglega fyrir hendi getur verið rétt að barnaverndarnefnd í umdæmi umsjáraðila fari með mál sem kann að koma upp. Oft kemur mál upp vegna ágreinings um slíkan samning, hvort hann er til staðar, hvers efnis og hver skuli vera búseta barnsins og þá verður barnaverndarnefnd í umdæmi forsjárforeldris að fara með málið.

Í barnaverndarstarfi vaknar stundum spurning um valdsvið barnaverndarnefnda þegar barn er hjá forsjáradilum sínum sem setjast að í öðru sveitarfélagi en þar sem þau eiga lögheimili. Í þeim tilvikum þarf að meta hvort hér er um tímabundna búsetu að ræða t.d. í athvarfi eða á gistiheimili, eða hvort fjölskyldan búi í raun annars staðar en þar sem lögheimili er. Ef barn er t.d. komið í skóla í nýja sveitarfélaginu má líta á það sem fasta búsetu.

5.1. Flutningur mála

Oft vakna spurningar um hvenær eigi að flytja mál frá einni nefnd til annarrar þegar fjölskylda flytur. Í 15. gr. bvl. segir að flytjist barn úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál þess til meðferðar skuli nefndin tafarlaust tilkynna flutningin til barnaverndarnefndar í umdæminu sem barnið flytur í, upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta nefndinni í té öll nauðsynleg gögn þess. Barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og leitast við að tryggja samfellu í vinnslu og meðferð málsins. Ef hægt er að koma því við er kostur ef starfsmaður sem unnið hefur að málefnum barnsins getur fundað með starfsmanni í nýju sveitarfélagi og þá e.t.v. með foreldrum og barni, hafi það aldur og þroska til. Ætíð skal skrifa greinargerð um málið og senda öll þau gögn sem talin eru skipta máli vegna áframhaldandi vinnslu málsins. Í flestum tilvikum er einnig eðlilegt að foreldrar fái afrit af þeim gögnum sem send eru á nýjan stað.

Barnaverndarlögin gera ráð fyrir því að þyki hentugra að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu geti viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín á milli. Þetta getur t.d. átt við ef miklu skiptir að halda stöðugleika í vinnslu málsins eða ef nefndin sem farið hefur með mál barnsins þekkir fjölskylduna vel og er í góðu samstarfi við hana. Komi upp ágreiningur milli nefnda um hver eigi að sinna málinu getur Barnaverndarstofa mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með málið.

Ákvörðun Barnaverndarstofu er heimilt að skjóta tilkærunefndar barnaverndarmála. Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. skal barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fara með mál barnsins meðan ráðstöfun varir og á þetta við þó forsjáradilar barnsins flytji í annað umdæmi á tímabilinu. Spurningar hafa vaknað um hvenær nefnd teljist hafa ráðstafað barni og er talið rétt að miða hér við að tekin hafi verið ákvörðun um ráðstöfunina, t.d. verið gerð áætlun um vistun með aðilum og sótt um meðferðarheimili og/eða fósturheimili til Barnaverndarstofu og fengist jákvætt svar. Barnaverndarstofa hefur leyst úr ágreiningi um lögsögu í tilvikum sem þessum og er unnt að skjóta ákvörðun til kærunefndar barnaverndarmála. Ef forsjárforeldri flytur í annað sveitarfélag meðan tímabundin ráðstöfun varir þá er



almennt miðað við að barnaverndarnefnd í hinu nýja umdæmi taki við málinu þegar ráðstöfun lýkur. Mikilvægt er að nefndir eigi gott samstarf í þessum málum, m.a. að barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni tilkynni mál tímanlega og láti hinni nýju nefnd í té öll gögn enda kemur það í hennar hlut að gera nýja áætlun með foreldrum að lokinni vistun.

Stundum berast barnaverndarnefnd upplýsingar um vanda barns sem er stutt í umdæmi nefndarinnar en á fasta búsetu annars staðar á landinu, t.d. þegar barn er í útilegu, á útihátíð eða er tekið af lögreglu. Í þessum tilvikum ber nefndinni þar sem barnið er stutt tafarlaust að hafa samband við nefnd þar sem barnið á fasta búsetu og sú nefnd verður að bregðast við annað hvort með því að koma og vinna mál á staðnum eða biðja um aðstoð. Ef brýn þörf er til aðgerða og ekki er mögulegt að hafa samband við barnaverndarnefnd sem ber að fara með málið þá verður barnaverndarnefnd þar sem barnið er stutt að grípa til nauðsynlegra aðgerða, jafnvel beita 31. gr. um neyðarráðstafanir, en koma svo máli í réttan farveg við fyrsta tækifæri.

5.2. Börn sem ekki eiga lögheimili á Íslandi

Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi eða er hér án forsjáraðila sinna skal sú nefnd þar sem barnið dvelst eða er stutt fara með málefni þess. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af slíku máli hlýst. Rísi ágreiningur um hvaða nefnd beri að sinna málefnum barnsins getur Barnaverndarstofa skorið úr um það.

5.2.1 Vegalaus börn

Með vegalausum börnum er hér átt við erlend börn sem eru ein sín liðs og óska eftir hæli hér á landi, koma með forsjáraðilum sem grunur er að ekki séu forsjáraðilar þeirra, grunur er um mansal eða finnast hér óskráð. Starfshópur skipaður af dómismálaráðherra árið 2004 var sammála um að meginverkefni stjórnvalda varðandi erlend börn sem stödd eru hér á landi án foreldra eða forsjáraðila sé að finna uppruna þeirra og sameina þau fjölskyldu þeirra í heimalandi með öruggum hætti. Í tillögum starfshópsins er lagt til að lögregla beri ábyrgð á rannsókn málsins í upphafi en málið flytjist svo til Útlendingastofnunar. Útlendingastofnun fer með málefni hælisleitenda og gilda sérstakar reglur um meðferð hælisleitenda fylgdarlausra barna og ungmenna skv. 19. gr. rgl. nr. 769/2004. Lögregla tillkynnir Útlendingastofnun, Rauða Krossi Íslands, Barnaverndarstofu og viðkomandi barnaverndarnefnd um málið en það er hlutverk barnaverndarnefnda að tryggja örugga umönnun barns. Ef barni er veitt hæli eða dvalarleyfi á Íslandi ákveður Barnaverndarstofa hvaða barnaverndarnefnd skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. Ríkissjóður greiðir allan kostnað viðkomandi barnaverndarnefndar vegna ráðstöfunar barnsins í fóstur eða aðra vistun. Í þeim tilvikum sem koma upp mál barna sem hafa dvalið hér á landi í nokkurn tíma þegar í ljós kemur að þau eru hér án forsjáraðila sinna og án dvalarleyfis. Í þeim tilvikum ber barnaverndarnefnd í umdæm þar sem barn hefði dvalið að taka ábyrgð á



máli barnsins en jafnframt er sótt um dvalarleyfi og málsmeðferð að öðru leyti svipuð.

Aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mannsali sem samþykkt var á fundi ríkisstjórnar Íslands 17. mars 2009

Skv. aðgerð 10 eru aðstæður áætlaðar fórnalamba mannsals sem eru á barnsaldri mismunandi og getur verið um að ræða börn sem sækja um hæli, börn sem eru á umönnunaraðila og/eða heimilis, þar með talin börn sem finnast á landamærum án forsjáraðila, og börn sem dvelja hér á landi án dvalarleyfis, til dæmis börn sem eru „búsett“ hér á landi og búa hjá ættingjum.

Reglur Útlendingarstofnunar varðandi einstaklinga undir 18 ára aldri gera ráð fyrir að tilkynnt er án tafar til hluteigandi barnaverndarnefndar, þ.e. þar sem barnið er stutt eða dvalfast. Rannsókn og greining á barni og aðstæðum þess fari fram í samræmi við barnaverndarlög og ef barni er veitt hæli skal gengið frá varanlegu fóstri. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélagi útlagan kostnað sem af máli hlýst sbr. 15. gr. bvl.

Skv. aðgerð 11 er meginverkefni stjórnvalda að finna foreldra eða forsjáraðila barns í heimalandi og tryggja örugga heimleið þess. Kanna þarf aðstæður í heimalandi áður en ákvörðun er tekin um heimferð barns.

Ákvæði í barnaverndarlögum nr. 80/2002 15. gr. Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 3. og 4. mgr.

[Ef barn flyst úr umdæmi nefndar á meðan hún hefur mál til meðferðar skal nefndin tafarlaust tilkynna flutninginn til barnaverndarnefndar í umdæminu sem barnið flytur í, upplýsa viðtakandi barnaverndarnefnd um öll afskipti af málefnum barnsins og láta nefndinni í té öll nauðsynleg gögn þess. Barnaverndarnefnd í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og leitast við að tryggja samfellu í vinnslu og meðferð málsins.] ¹⁾

Ef hentugra þykir að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu geta viðkomandi barnaverndarnefndir samið um það sín í milli. [Ef ágreiningur rís milli barnaverndarnefnda getur Barnaverndarstofa ákveðið hvar barn telst eiga fasta búsetu, svo og mælt svo fyrir að önnur nefnd en sú þar sem barn á fasta búsetu fari með mál ef það er talið tryggja betur meðferð þess.]

¹⁾ Skulu nefndirnar þá veita hvor annari upplýsingar til skýringar málum og liðsinni við framkvæmd barnaverndarráðstafana.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer hún áfram með málið. Hún getur þó farið þess á leit að barnaverndarnefnd í því



umdæmi beri tilteknar skyldur.

[Ef barn á ekki lögheimili á Íslandi eða er hér án forsjáraðila sinna skal barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er statt fara með mál þess. Barnaverndarnefnd fer þá með umsjá barnsins eftir því sem þörf krefur og ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þess.] ¹⁾

Barnaverndarstofa sker úr ágreiningi um hvaða barnaverndarnefnd skuli fara með mál. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst. [Ef fylgdarlaust barn sækir um alþjóðlega vernd tryggir Barnaverndarstofa hagsmuni þess eftir því sem nánar er kveðið á um í ákvæðum laga um útlendinga.] ²⁾

[Ef barni, sem er hér á landi án forsjáraðila sinna, er veitt [alþjóðleg vernd] ²⁾ eða dvalarleyfi á Íslandi ákveður Barnaverndarstofa hvaða barnaverndarnefnd skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. Ríkissjóður greiðir allan kostnað viðkomandi barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum laganna vegna ráðstöfunar barnsins í fóstur eða aðra vistun [samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um slíkan kostnað og útlagðan kostnað skv. 5. mgr.] ²⁾ ¹⁾

[Barnaverndarnefndir sem í hlut eiga geta skotið ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3., 5. og 6. mgr. til [úrskurðarnefndar velferðarmála]. ³⁾ ¹⁾

Ákvæði í reglugerð nr. 56/2002

7. gr. Valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda.

Um valdsvið og samstarf barnaverndarnefnda fer almennt skv. 15. gr. barnaverndarlaga.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur eða vistun í annað umdæmi fer nefndin áfram með málið meðan ráðstöfun varir. Ef forsjáraðili barns flyst úr umdæmi nefndar á meðan fóstur eða vistun varir skal barnaverndarnefnd í umdæminu sem forsjáraðili flytur í taka við meðferð þess þegar fóstur- eða vistunarsamningur fellur úr gildi nema annað sé ákveðið með heimild í 15. gr. barnaverndarlaga. Barnaverndarnefndin sem ráðstafaði barni skal tilkynna um flutninginn til nefndar í viðkomandi umdæmi tímanlega áður en fóstur- eða vistunarsamningur fellur úr gildi. Jafnframt ber að upplýsa nefndina um öll afskipti af málefnum barnsins og láta henni í té gögn þess.

Ef barnaverndarnefnd fær tilkynningu vegna barns sem statt er í umdæmi nefndarinnar en á fasta búsetu annars staðar ber nefndinni tafarlaust að framsenda tilkynningu til þeirrar nefndar þar sem barn á fasta búsetu. Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir barnaverndarnefnd getur formaður barnaverndarnefndar þar sem barn er statt, eða starfsmaður í umboði hans, án undangenginnar málsmeðferðar skv.

VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Barnaverndarnefnd þar sem barn á fasta búsetu skal án tafar taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

